


Sérkerfi Wise: Launakerfi Hækkun launataxta með fastri krónutölu

Þegar hækka þarf launataxta er farið í Launakerfi – Stjórnun – Kjarasamningar. Eða ritað „kjarasamningar“ í leitargluggann.

Vinstra megin eru félögin og hægra megin má sjá spjöld samnings.



Breyta - Félög

HEIM AÐGERÐIR FÆRSLULEIT

Breyta Skoða Virkur samningur Stofna félag Athugasemd OneNote Athugasemdir Tenglar Endurnýja Hreinsa afmörkun Fyrri Næsta Fara í Síða

Félög

Félag	Lýsing
001	Sýnishorn
ANNAD	annad
KJARARAD	Kjararáð
YMISL	Akstur og þh

Kjarasamningar


Spjald samnings Launaflokkar

Gildir frá	Grunnur launa	Tímar í mánuði	Grunnta...
1.1.2018	Mánaðar...	173,33	ML

Í lagi


Ef smellt er á „Virkur samningur“ á borðanum opnast núgildandi spjald valins félags. Þar er hægt að skoða launataxta hans, lesa inn launataxta og breyta launatöxtum. Einnig er hægt að stofna nýtt spjald út frá núgildandi spjaldi samnings og yfirleitt er sú leið farin við hækkun launataxta.

Spjald samnings lítur svona út:



Almennt			
Kóði:	001	Launategund dagvinnu:	1000
Gildir frá:	1.1.2018	Launategund orlofs:	
Texti:		Launategund veikinda:	
Grunnur launa:	Mánaðarlaun	Launategund veikinda barna:	
Tímar í mánuði:	173,33	Launat. fæðingarorlof feðra:	0
Tímar á dag:	8,00	Launat. fæðingarorlof mæðra:	0
Orlofskóði:		Taxti orlofsuppbótar:	46.500,00
Útborgunartegund:		Taxti desemberuppbótar:	86.000,00
Gjaldmiðill kjarasamnings:		Taxti annaruppbótar:	0,00
Sjálfgjafinn afrúningur taxta:			

Ef smellt er á „Breyta launatöxtum“ opnast þessi gluggi. Athugið að hann er fylltur út miðað við að einungis sé haldið utan um mánaðarlaun í taxtatöflunni og að aðrir taxtar séu leiddir af þeim.



Kjarasamningur:	001
Gildir frá:	1.1.2018
Launaflokkur:	
Taxtategund:	
Dagsetning hækkunar:	1.4.2019
Hækka fastar launabækur:	<input type="checkbox"/>
Prósentuhækkun:	0
Krónutöluhækkun:	17.000,00
Nálgun:	1,00
Stofna nýjan samning:	<input checked="" type="checkbox"/>
Röð hækkana	
Prósentuhækkun fyrst:	<input checked="" type="checkbox"/>
Krónutöluhækkun fyrst:	<input type="checkbox"/>

Áætlun... Í lagi Hætta við

Hér er lykilatriði að setja rétta dagsetningu hækkunar og auk þess að setja hak í reitinn „Stofna nýjan samning“. Ef það er ekki gert yfirskrifast eldri samningur með nýjum töxtum og verða engin gögn í kerfinu er varða eldri launataxta.

Ef hækka á alla launaflokka og launataxta, sem er algengast er ekki sett afmörkun í þá reiti. Sú hækkun sem á að koma á taxtana er sett inn og hakað við „hækka fastar launabækur“ en það má einnig hækka fastar bækur eftirá.

Þá væri valmyndarformið fyllt út eins og hér að ofan miðað við 17.000 króna hækkun mánaðarlauna frá 01.04.2019.

Að þessu loknu er ýtt á „Í lagi“ og nýtt spjald samning stofnast með nýrri dagsetningu, breyttum launatöxum ásamt því að fastar bækur taka samsvarandi breytingum sé hakað við það.

Þá er hækkun launa skv. þessum kjarasamningi lokið.

Í fyrstu útborgun eftir breytingar á töxtum er sjálfsagt að fara vel yfir launaútreikninginn og gæta þess að taxtar hafi breyst sem skyldi.

Frávik frá hefðbundinni uppsetningu kjarasamnings!

Ef dagvinnulaun og yfirvinnulaun eru skráð í taxtatöflur en ekki leidd af mánaðarlaunum er best að stofna nýjan samning frá 1. apríl án nokkurra hækkana. Hækka síðan þann samning í tvennu lagi, þ.e. dagvinnulaun sér og yfirvinnulaun sér og aðra taxa eftir atvikum. Við mælum reyndar alls ekki með að það sé haldið utan um annað en annað hvort dagvinnutaxta eða mánaðarlaunataxta á kjarasamningnum og að aðrar launategundir séu leiddar af þeim í uppsetningu. En ef annað er ekki hægt vegna yfirborgana eða sérsamninga þá er þetta aðferðin við hækkunina.